

Ferðafélag Akureyrar
Strandgata 23
600 Akureyri

Garðabær, 16. maí 2025
202505-0032/I.M.B.
09.04.00

Efni: Umsókn um leyfi fyrir þyrluflugferð með vistir í fólkvanginn á Glerárdal

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Ferðafélags Akureyrar, dagsett 7. maí sl. um leyfi til þyrluflugferðar í fólkvanginn á Glerárdal í lok maí nk.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 585/2016](#). Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf er óheimil án sérstaks leyfis Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir einni þyrluferð til að flytja olíu og gas í skála ferðafélagsins í skálann Lamba á Glerárdal í lok maí. Vegna snjóleysis var ekki unnt að flytja þessar birgðir með snjósleða. Nákvæm dagsetning stýrist af veðri og þyrluþjónustu.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til þess að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til langs tíma þó það muni valda einhverri truflun á lífríki og gesti á meðan á flugi stendur.

Takmarka skal ónæði á meðan á verkefninu stendur, haga flugi þannig að það verði á þeim tíma sem minnst er af fólki á svæðinu og í eins stuttan tíma og kostur er þannig að það hafi sem minnst áhrif á dýralíf á svæðinu.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Ferðafélagi Akureyrar fyrir sitt leyti leyfi fyrir þyrluferð inn á fólkvanginn á Glerárdal sbr. lýsingu hér að ofan fram til lok maí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Leyfi til starfsemi

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt, með að lágmarki dags fyrirvara, hvenær farið verður í þyrluflugið.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis, eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

Leyfi Akureyrarbæjar sem landeiganda gæti þurft fyrir verkefninu.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

Lára Björnsdóttir

sérfræðingur